

Starfsreglur

**nefndar samkvæmt 27. gr. l. 70/1996
um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins
og nokkur sýnishorn bréfa.**

Reykjavík 1997

EFNISYFIRLIT

Formáli.	bls.	1
Starfsreglur nefndarinnar.	"	2
Sýnishorn skjala:		
Nr.		
1. Bréf rikisspítala til formanns nefndarinnar, þar sem máli er vikið til meðferðar hjá nefndinni.	"	8
2. Bréf formanns nefndarinnar til fjármálaráðherra með beiðni um að afla tilnefninga og skipa svo tvo nefndarmenn til meðferðar tiltekins máls.	"	9
3. Upplýsingabréf til starfsmanns þess, sem í hlut á.	"	10
4. Bréf nefndarinnar til rikisspítala þar sem gefinn er kostur á að leggja fram gögn og skriflega greinargerð.	"	11
5. Bréf nefndarinnar til starfsmannsins, þar sem gefinn er kostur á að afla gagna og leggja fram.	"	12

Formáli

Í 27. gr. 1. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins (starfsmannalög) eru ákvæði um nefnd þriggja manna, sem sérfróðir eru um stjórnsýslu, en hlutverk þessarar nefndar er að rannsaka mál þeirra starfsmanna/embættismanna í þjónustu ríkisins, sem veitt hefur verið lausn um stundarsakir. Nefndin á að ljúka málinu með því að láta í ljós álit sitt á því, hvort rétt hafi verið að víkja starfsmanni/embættismanni frá störfum um stundarsakir. Fjármálaráðherra skipar nefndarmenn. Formaður nefndarinnar er skipaður til fjögurra ára í senn, en einnig er skipaður varamaður hans til jafn langs tíma. Hinir tveir nefndarmennirnir eru skipaðir til meðferðar hvers einstaks máls eftir tilnefningum frá heildarsamtökum starfsmanna ríkisins og ráðherra þeim, sem í hlut á.

Við höfum verið skipuð til að vera formaður og varamaður formanns til næstu fjögurra ára. Þar sem ákvæði í starfsmannalögum um nefndina og störf hennar eru fáskrúðug töldum við nauðsynlegt að semja starfsreglur fyrir nefndina, þannig að tryggt verði samræmi í meðferð þeirra mála, sem hún fær til meðferðar. Við teljum einnig brýnt að þeir, sem þurft hafa að sæta því að vera veitt lausn úr starfi eða embætti um stundarsakir, eigi þess kost að kynna sér fyrirfram eftir hvaða reglum mál þeirra verður meðhöndlað í nefndinni. Það er einnig nauðsynlegt fyrir stofnanir ríkisins að geta fyrirfram kynnt sér efni slíkra reglna. Reglurnar eru samdar af okkur, en heildarsamtökum starfsmanna ríkisins og starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytis var gefinn kostur á því að gera athugasemdir og koma með ábendingar um efni þeirra. Í flestum atriðum var fallizt á þær ábendingar. Tilvist reglnanna er ekki nægileg, því þær verða að vera aðgengilegar þeim, sem hagsmuna hafa að gæta. Þess vegna hafa þær verið fjölfaldaðar í þessum bæklingi.

Einnig eru sýnishorn nokkurra bréfa birt í bæklingnum ef það mætti auðvelda skilning á reglunum. Sérstaklega skal tekið fram varðandi sýnishornin, að þau eru aðeins dæmi um það hvernig þessi skjöl geta verið, en efni þeirra ræðst annars af eðli þess máls, sem er til meðferðar hverju sinni.

Reykjavík 29. júlí 1997.

F.h. nefndar samkvæmt 27. gr. 1. 70/1996.

Viðar Már Matthíasson/
Dögg Pálsdóttir.

Reglur

um starfsemi nefndar samkvæmt 27. gr. laga 70/1996
um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins (starfsmannalög).

I. Kafli. Stjórnsýsluleg staða nefndarinnar og hlutverk.

1. grein.

Nefndin er stjórnsýslunefnd, sem starfar samkvæmt starfsmannalögum og er skipuð af fjármálaráðherra. Nefndin er skipuð þremur mönnum við meðferð hvers máls.

2. grein.

Um skipan og starfsemi nefndarinnar almennt gilda ákvæði í VI. kafla starfsmannalaga svo og ákvæði stjórnsýslulaga 37/1993 og aðrar reglur stjórnsýsluréttar eftir því sem við getur átt.

3. grein.

Nefndin hefur pósthöfn á heimili formanns hennar, en starfstöð hennar er á heimili eða vinnustað formanns eða varamanns hans, ef hann stýrir meðferð máls. Nefndin getur ákveðið að einstakir fundir skulu haldnir annars staðar ef þurfa þykir.

4. grein.

Hlutverk nefndarinnar í hverju einstöku máli er að rannsaka það, svo að upplýst verði, hvort rétt sé að veita starfsmanni, sem veitt hefur verið lausn úr starfi sínu eða embætti um stundarsakir, lausn að fullu eða láta hann taka aftur við starfinu eða embættinu.

Hlutverki sínu gegnir nefndin með því að skila rökstuddu, skriflegu álitum um, hvort rétt hafi verið að víkja starfsmanni frá störfum um stundarsakir.

5. grein.

Nú óskar starfsmaður eða stjórnvald það, sem í hlut á, opinberrar rannsóknar, með heimild í niðurlagsákvæði 1. mgr. 27. gr. starfsmannalaga, og rannsakar nefndin málið þá eingöngu að því leyti, sem þörf er á viðbótarrannsókn til þess að geta látið uppi rökstutt álit.

Um viðbótarrannsókn, andmælarétt og tilkynningar skal farið eftir því, sem segir í reglum þessum að því leyti sem við getur átt.

II. Kafli. Orðskýringar.

6. grein.

Þegar rætt er um stjórnvald og starfsmann í reglum þessum, er einnig átt við þá, sem með réttu fara með staðgöngu fyrir þessa aðilja.

Orðið starfsmaður í reglunum tekur bæði til embættismanna, eins og það orð er skýrt í 22. gr. starfsmannalaga, svo og til annarra starfsmanna í þjónustu ríkisins, sem skipaður voru eða ráðnir ótímabundinni ráðningu án uppsagnarfrests fyrir gildistöku laganna, sbr. 3. mgr. ákvæðis til bráðabirgða með lögnum.

Með orðunum heildarsamtök starfsmanna ríkisins í reglum þessum er átt við Bandalag starfsmanna ríkis og bæja (BSRB), Bandalag háskólamanna (BHM) og Alþýðusamband Íslands (ASÍ).

III. Kafli. Upphafsaðgerðir nefndarinnar.

7. grein.

Nefndin fær send erindi frá því stjórnvaldi, sem veitt hefur starfsmanni lausn um stundarsakir, æðra settu stjórnvaldi, ráðuneytum eða starfsmanninum sjálfum.

8. grein.

Þegar formaður nefndarinnar, hefur móttengið erindi samkvæmt 7. gr., skal hann eða varamaður hans, ef hann fer með málið, tilkynna fjármálaráðuneyti um málið og óska eftir því að ráðuneytið leiti tilnefninga í nefndina frá því ráðuneyti, sem starf eða embætti heyrir undir og heildarsamtökum starfsmanna ríkisins. Einnig skal óskað eftir því að formanni verði tilkynnt, hverjir verða skipaðir í nefndina til meðferðar málsins.

Formaðurinn eða varamaður hans, ef hann fer með málið, skal tilkynna starfsmanni um erindið, upplýsa hann um stöðu nefndarinnar og hlutverk svo og að gerðar hafi verið ráðstafanir til þess að nefndin yrði fullskipuð til að meðferð málsins geti hafizt.

9. grein.

Berist nefndinni erindi, eftir að aðrir nefndarmenn en formaður hafa einnig verið skipaðir, byrjar nefndin málsmeðferðina. Nefndin skal þá, ef hún telur ástæðu til, upplýsa annan eða báða málsaðilja nánar um störf hennar og starfsreglur.

IV. Kafli. Málsmeðferð fyrir nefndinni.

10. grein.

Þegar allir nefndarmenn hafa verið skipaðir til meðferðar máls, skal nefndin rita starfsmanninum og stjórnvaldi því, sem í hlut á, bréf og tilkynna að meðferð málsins sé hafin. Í bréfunum skal einnig óskað eftir að fá send öll gögn, sem til kunna að vera um málið, þ.m.t. áminningarbréf. Stjórnvaldinu skal einnig gefinn kostur á að skila

greinargerð með rökstuðningi fyrir því að hafa veitt starfsmanninum lausn um stundarsakir.

Stjórnvaldi skal veittur tiltekinn frestur til þess að skila gögnum og greinargerð af sinni hálfu og skal sá frestur að jafnaði ekki vera lengri en tvær vikur, en veita má þó lengri frest, þegar sérstaklega stendur á.

Starfsmaður skal einnig eiga þess kost að skila gögnum að liðnum sama fresti.

11. grein.

Í lok frests samkvæmt 10. gr. skal haldinn fundur í nefndinni þar sem stjórnvaldið leggur fram gögn og greinargerð sína ef við á og starfsmaðurinn þau gögn, sem hann kys þá að leggja fram.

Starfsmanni skal veittur frestur, til þess að tjá sig skriflega um gögn þau sem stjórnvald hefur lagt fram og greinargerð þess. Frestur þessi skal að jafnaði ekki vera lengri en tvær vikur, en veita má þó lengri frest, þegar sérstaklega stendur á.

Í lok frestsins skal halda fund í nefndinni með starfsmanni og stjórnvaldi því, sem í hlut á, þar sem greinargerð starfsmannsins og önnur skjöl, sem hann kys að leggja fram, eru afhent.

12. grein.

Þegar greinargerð starfsmanns og þau viðbótargögn, sem hann kys að leggja fram, hafa verið afhent nefndinni og afrit þeirra til stjórnvalds þess, sem í hlut á, svo og önnur gögn og upplýsingar þ.m.t. gögn vegna opinberrar rannsóknar, sem aflað hefur verið, ákveður nefndin hvort fjallað sé um málið munnlega eða skriflega. Að jafnaði skal framlagningu gagna lokið á þessu tímamarki.

Ef ákveðið verður að fjalla um það munnlega, skal ákveðinn stuttur frestur til þess og að honum liðnum skal stjórnvaldið tjá sig fyrst um málið, en starfsmaðurinn að því búnu.

13. grein.

Nú er ekki ákveðið að aðiljarnir skuli tjá sig munnlega um málið og skal stjórnvaldi þá veittur frestur til þess að tjá sig skriflega, en að því búnu skal starfsmaðurinn eiga kost á að koma að skriflegum athugasemdum sínum. Miðað skal við að frestir, sem veittir eru til þess að málsaðiljar megi koma að skriflegum sjónarmiðum sínum samkvæmt þessari málsgrein verði ekki lengri en tvær vikur.

14. grein.

Nefndin skal í upphafi málsmeðferðarinnar og einnig síðar, ef ástæða þykir til, rita stjórnvöldum, einkaðiljum eða rannsóknaraðiljum bréf og óska eftir því að fá send tilgreind eða ótilgreind gögn, sem kunna að vera til upplýsingar um málsatvik eða réttarstöðu starfsmannsins að öðru leyti. Strax og slík gögn berast nefndinni skulu afrit þeirra afhent starfsmanninum og því stjórnvaldi, sem í hlut á.

15. grein.

Hafi stjórnvald eða starfsmaður neytt réttar síns til þess að óska eftir að fram fari opinber rannsókn, skal nefndin leitast við að fá öll þau gögn, sem aflað hefur verið við þá rannsókn, þ.m.t. skýrslur sem gefnar hafa verið fyrir rannsóknaraðiljum.

16. grein.

Nefndin getur einnig óskað eftir því að tilteknir menn komi til viðtals við hana til þess að tjá sig um málefni, sem tengjast rannsóknarefninu, en gefa skal starfsmanni og stjórnvaldi því, sem í hlut á, kost á að vera viðstaddir á slíkum fundum.

Slíkar skýrslur má bóka eða hljóðrita eftir því sem henta þykir og skal gera þeim sem skýrslu gefur grein fyrir því hvernig upplýsingar, sem hann gefur, eru skráðar.

17. grein.

Nú neitar maður að koma til viðtals hjá nefndinni eða neitar að afhenda eða láta uppi efni skjals og nefndin telur útilokað að láta í ljós rökstutt álit á málefni því, sem til meðferðar er, án þess að skýrsla þeirra eða upplýsingar um efni skjals liggi fyrir, er nefndinni heimilt, ef hún telur nauðsyn bera til, að afla sönnunargagna eftir því sem heimilt er samkvæmt 2. mgr. 77. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991.

Sé grunur um refsiverða háttsemi getur nefndin hlutast til um að fram fari opinber rannsókn á þeirri háttsemi.

18. grein.

Þegar aðiljar hafa skilað þeim greinargerðum og gögnum, sem þeir eiga kost á, og tjáð sig munnlega um málið, hafi það verið ákveðið, skal nefndin fjalla um málið á fundum eins og þurfa þykir og komast að niðurstöðu.

Nefndin skal semja skriflegt og rökstutt álit um það, hvort rétt hafi verið að veita starfsmanni lausn um stundarsakir. Formaður nefndarinnar, eða varamaður hans, ef hann fer með málið, skal skrifa álitíð í samvinnu við aðra nefndarmenn.

Séu nefndarmenn ekki allir á einu máli um niðurstöðuna, skal sá sem er í minnihluta skila séráliti um hana.

19. grein.

Nú hefur opinber rannsókn farið fram í máli og ákærvald gefið út ákæru þar sem krafizt er sviptingar á rétti til að gegna embætti og skal þá nefndin engu að síður ljúka málinu og semja álit samkvæmt reglum þessum.

Hafi gengið endanlegur dómur þar sem starfsmaður er sviptur rétti til að gegna embætti eða starfi, áður en nefndin hefur lokið málinu, skal nefndin fella málið niður. Hið sama á við ef starfsmaður játar að hafa gerzt sekur um refsiverða háttsemi, sem ætla má að hefði í för með sér sviptingu réttinda skv. 68. gr. almennra hegningalaga.

20. grein.

Í álitni nefndarinnar skal að jafnaði koma fram:

1. Hverjir séu aðiljar málsins.
2. Hverjir séu helztu málavextir.
3. Hver séu sjónarmið þess stjórnvalds, sem í hlut á og hver séu sjónarmið starfsmannsins.
4. Hver niðurstaða nefndarinnar sé og hvernig hún er rökstutt.

Ef einhver nefndarmaður skilar sératkvæði, skal í því einungis fjallað um þau atriði, sem tilgreind eru í tl. 4.

Nefndin tekur ekki afstöðu til þess, hvor aðiljanna skuli bera kostnað af meðferð málsins fyrir nefndinni.

21. grein.

Nefndin skal leitast við að skila álitni sínu eigi síðar en fjórum vikum eftir að lokagreinargerð starfsmanns hefur verið lögð fram, eða aðiljar tjáð sig munnlega um málið.

Verði meiri dráttur á meðferð máls, en reglur þessar gera ráð fyrir, svo sem vegna þess að mál er til opinberrar rannsóknar, sem nauðsynlegt er að bíða eftir að ljúki, skal sá dráttur skýrður í álitni nefndarinnar. Tilkynna skal starfsmanni og stjórnvaldi því, sem í hlut á, um dráttinn.

22. grein.

Þegar nefndin hefur lokið við að semja álit sitt, skal hún senda það til starfsmannsins, og stjórnvalds þess, sem í hlut á. Álitnið, án þess að nafn starfsmanns sé gefið upp, skal einnig sent fjármálaráðuneyti, ráðuneyti því sem starf eða embætti heyrir undir og heildarsamtökum starfsmanna ríkisins.

Í bréfi nefndarinnar skv. 1. mli. 1. mgr. þessarar greinar skal koma fram, að meðferð málsins fyrir henni sé lokið og að málsskotsréttur til æðra stjórnvalds sé ekki fyrir hendi.

V. Kafli. Móttaka skjala og annarra gagna og varzla þeirra.

23. grein.

Nefndin skal árita eða stimpla öll bréf og erindi, sem henni berast, um móttöku þar sem fram kemur móttökudagur og einnig önnur atriði ef þurfa þykir.

24. grein.

Skjöl sem afhent eru nefndinni og lögð eru fram við meðferð einstakra mála, skulu tölusett í röð og skulu skjöl hvers máls mynda eina heild. Á framlögð skjöl skal einnig áritað hvenær þau eru lögð fram á fundum nefndarinnar.

25. grein.

Nefndin skráir innkomin bréf og erindi í sérstaka bréfabók og varðveitir í möppu. Útsend bréf skulu einnig skráð og varðveitt með sama hætti.

26. grein.

Formaður nefndarinnar varðveitir skjöl hennar og önnur gögn, svo og gögn, sem lögð hafa verið fram, eða tengjast einstökum málum. Láti formaður af störfum skal hann þegar afhenda eftirmanni sínum allt skjalasafn nefndarinnar og önnur gögn.

VI. Kafli. Fundargerðir o.fl.

27. grein.

Nefndin skal halda gerðarbók, sem formaður eða varamaður hans færir. Í hana skal skráð meginefni þess, sem fram kemur á fundum nefndarinnar. Gildir þetta bæði um fundi sem varða undirbúning að málsmeðferð, fundi sem eru þáttur í meðferð máls og aðra fundi. Endurrit úr slíkri gerðarbók má afhenda þeim, sem hafa lögvarinna hagsmuna að gæta.

28. grein.

Nefndin skal semja útdrátt úr álitum sínum og senda hann til þeirra aðilja, sem greinir í 22. gr.

Nefndin skal, þegar fjöldi afgreiddra mála gefur tilefni til, taka saman útdrætti úr einstökum málum í sérstök hefti til almennrar dreifingar, ef fé verður veitt til þess.

29. grein.

Nefndin gefur fjármálaráðherra árlega stutta skýrslu um störf sín, sem einnig skal send heildarsamtökum starfsmanna ríkisins.

Reglur þessar, sem eru starfsreglur nefndarinnar, eru settar af formanni nefndarinnar og varamanni hans að höfðu samráði við fjármálaráðuneyti og heildarsamtök starfsmanna ríkisins.

Sýnishorn 1.

Reykjavík 18. júlí 1997.

Hr. Viðar Már Matthíasson,
Bláskógum 4,
109 Reykjavík.

Efni: Veiting lausnar úr starfi um stundarsakir. Máli vikið til meðferðar nefndar samkvæmt 27. gr. l. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Þann 10. júlí 1997 var Jóhanni Jóhannssyni, kt. 310656-5889, til heimilis að Njarðarbraut 96, Seltjarnarnesi, vikið úr starfi um stundarsakir sem hjúkrunarfræðingi á ríkisspítölum frá og með 1. ágúst n.k. Meginástæður fyrir því að starfsmanninum var veitt lausn um stundarsakir eru langvarandi samstarfsörðugleikar hans og samstarfsmanna hans allt frá árinu 1993, er Jóhann kom til starfa, margskonar hótanir hans í garð yfirmanna sinna, sem sumar fólu í sér hótun um beitingu ofbeldis og loks frá 1. febrúar 1997 alger synjun á því að gegna nokkrum þeirra starfa sem hann var ráðinn til. Ítrekaðar áminningar og aðvaranir hafa ekki komið að gagna.

Með bréfi þessu fylgja tvær áminningar frá árunum 1994 og 1996, sérstök áminning frá því í desember 1996 vegna hótana í garð deildarstjóra um að meina honum aðgang að starfsstöð þeirra, og áminningar frá 1. marz 1997 og 1. júní s.á. vegna algerrar synjunar Jóhanns á því að gegna störfum sínum.

Jóhann var ráðinn til starfa sem hjúkrunarfræðingur á ríkisspítölum 1. marz 1993, en aldrei gerður við hann skriflegur ráðningarsamningur og ekki samið um gagnkvæman uppsagnarfrest. Ákvæði VI. kafla l. 70/1996 eiga því við um hann, sbr. 3. mgr. ákvæðis til bráðabirgða með lögnum.

Erindi þetta er sent yður sem formanni nefndarinnar og er þess óskað að nefndin taki málið til meðferðar hið fyrsta.

Virðingarfyllt,
f.h. ríkisspítala,

Með bréfi þessu fylgja:

- Áminningarbréf dags. 1. júní 1994 og 1. apríl 1996
- og sérstakt áminningarbréf dags. 19. desember 1996.
- Áminningarbréf dags. 1. marz 1997 og 1. júní s.á.
- Bréf dags. 10. júlí 1997 um veitingu lausnar um stundarsakir.
- Bréf Jóhanns Jóhannssonar dags. 10. júní 1994, 12. apríl 1996,
- 23. desember s.á., 14. marz 1997 og 13. júní s.á.

Sýnishorn 2.

Reykjavík 22. júlí 1997.

Fjármálaráðherra,
fjármálaráðuneyti,
Amarhvoli,
150 Reykjavík.

Efni: Málafni nefndar samkvæmt 27. gr. l. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Beiðni um öflun tilnefninga og skipan tveggja nefndarmanna.

Mér hefur, sem formanni ofangreindrar nefndar, borizt bréf ríkisspítala dags. 18. júlí 1997 ásamt fylgiskjölum, þar sem upplýst er að Jóhanni Jóhannssyni, kt. 310656-5889, Njarðarbraut 96, Seltjarnarnesi, hafi verið veitt lausn um stundarsakir úr starfi sem hjúkrunarfræðingur á ríkisspítölum.

Þess er því hér með farið á leit við yður sbr. 2. mgr. 27. gr. l. 70/1996, að þér aflið tilnefninga um tvo menn í nefndina til meðferðar þessa máls, og tilkynnið svo undirrituðum um skipun þeirra við fyrsta tækifæri.

Virðingarfyllt,
f.h. nefndar samkvæmt
27. gr. l. 70/1996,

Viðar Már Matthíasson,
formaður.

Með bréfinu fylgir:
Ljósrit bréfs ríkisspítala dags. 18. júlí 1997.

Sýnishorn 3.

Reykjavík 22. júlí 1997.

Jóhann Jóhannsson,
Njarðarbraut 96,
170 Seltjarnarnesi.

Efni: Mállefni nefndar samkvæmt 27. gr. l. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins (starfsmannalög).

Það tilkynnist hér með, að ofangreind nefnd, sem undirritaður er formaður fyrir, hefur fengið til meðferðar erindi ríkisspítala, þar sem upplýst er að yður hafi verið veitt lausn um stundarsakir úr starfi yðar sem hjúkrunarfræðingur á ríkisspítölum, m.a. vegna meintra samstarfsörðugleika og óhlýðni við að gegna fyrirmælum yfirboðara yðar og starfsskyldum.

Ofangreind nefnd starfar samkvæmt 27. gr. starfsmannalaga og er hlutverk hennar að rannsaka mál þegar starfsmönnum eða embættismönnum hefur verið veitt lausn um stundarsakir. Nefndin á að láta í ljós rökstutt álit á því, hvort rétt hafi verið að víkja starfsmanninum úr starfi um stundarsakir. Að fenginni niðurstöðu nefndarinnar tekur veitingarvaldið ákvörðun um hugsanlegt framhald á starfi viðkomandi starfsmanns.

Nefndin er skipuð þremur mönnum við meðferð hvers máls. Formaður er skipaður til fjögurra ára, en hinir tveir nefndarmennirnir eru skipaðir til meðferðar hvers einstaks máls eftir tilnefningum frá heildarsamtökum starfsmanna ríkisins og ráðuneytis þess, sem í hlut á.

Undirritaður hefur nú sent fjármálaráðherra bréf og farið þess á leit við hann, að hann afli tilnefninga í nefndina til meðferðar máls yðar og skipi að því búnu tvo nefndarmenn. Þegar nefndin er fullskipuð mun meðferð máls yðar hefjast.

Virðingarfyllst,
f.h. nefndar samkvæmt
27. gr. starfsmannalaga.

Viðar Már Matthíasson.

Með bréfinu fylgja:

Ljósrit bréfs ríkisspítala dags. 18. júlí 1997.

Ljósrit bréfs til fjármálaráðherra dags. 22. júlí 1997.

Sýnishorn 4.

Reykjavík 11. ágúst 1997.

Ríkisspítalar,
Rauðarárstíg 31,
105 Reykjavík.

Efni: Málafni nefndar samkvæmt 27. gr. l. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. - Meðferð máls Jóhanns Jóhannssonar, kt. 310656-5889.

Með bréfi ríkisspítala dags. 18. júlí 1997 var máli Jóhanns Jóhannssonar, sem veitt hafði verið lausn um stundarsakir úr starfi sem hjúkrunarfræðingur á ríkisspítölum, vikið til meðferðar ofangreindrar nefndar. Fjármálaráðherra hefur, að undangengnum tilnefningum heildarsamtaka starfsmanna ríkisins og heilbrigðisráðuneytis, skipað þá Sigurð Sigurðsson, hrl., og Ólaf Stefánsson, skrifstofustjóra, í nefndina og munu þeir auk mín annast meðferð málsins. Nefndin hélt fyrsta fund sinn í máli þessu í dag, þar sem lögð voru fram þau gögn, sem fylgdu áður nefndu bréfi ríkisspítala, auk bréfs fjármálaráðuneytis dags. 7. ágúst 1997.

Markmiðið með starfi nefndarinnar er að rannsaka og láta í ljós álit á því, hvort heimilt hafi verið að víkja téðum starfsmanni úr starfi sínu um stundarsakir.

Ríkisspítölum er hér með gefinn kostur á því að afla og leggja fram frekari gögn og gera grein fyrir því í skriflegri greinargerð, hvers vegna heimilt var talið að víkja Jóhanni Jóhannssyni úr starfi um stundarsakir. Nauðsynlegt er að nefndinni berist öll gögn, sem til eru um málið. Fundur verður haldinn í nefndinni miðvikudaginn 27. ágúst 1997, kl. 17:30, á skrifstofu undirritaðs Bláskógum 4, Reykjavík. Á fundinum verður tekið við þeim gögnum, sem ríkisspítalar og starfsmaðurinn hyggjast leggja fram, svo og við greinargerð ríkisspítala. Starfsmanninum verður veittur frestur í u.þ.b. tvær vikur til þess að afla frekari gagna og til að tjá sig um málið í greinargerð. Að þeim fresti loknum verður haldinn annar fundur í nefndinni þar sem skjölin verða lögð fram og tekin ákvörðun um frekara framhald málsins.

Virðingarfyllt,
f.h. nefndar samkvæmt
27. gr. l. 70/1996,

Viðar Már Matthíasson.

Með bréfinu fylgir:

Ljósrit bréfs fjármálaráðuneytis dags. 7. ágúst 1997.

Sýnishorn 5.

Reykjavík 11. ágúst 1997.

Jóhann Jóhannsson,
Njarðarbraut 96,
170 Seltjarnarnesi.

Efni: Meðferð máls yðar fyrir nefnd samkvæmt 27. gr. l. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins (starfsmannalaga).

Vísað er til bréfs míns til yðar dags. 22. júlí 1997 vegna ofangreinds máls.

Fjármálaráðherra hefur nú skipað þá Sigurð Sigurðsson, hrl., og Ólaf Stefánsson, skrifstofustjóra, í nefndina og munu þeir auk mín fara með mál yðar. Nefndin hélt í dag sinn fyrsta fund í málinu og voru þar lögð fram þau gögn, sem borizt höfðu frá ríkisspítölum, svo og bréf fjármálaráðuneytis dags. 7. ágúst 1997 um skipan tveggja manna í nefndina.

Yður er hér með gefinn kostur á því að afla gagna, sem þér teljið skipta máli og leggja þau fram á fundi nefndarinnar, sem haldinn verður miðvikudaginn 27. ágúst 1997, kl. 17:30 á skrifstofu minni að Bláskógum 4, Reykjavík. Á þeim fundi munu ríkisspítalar eiga þess kost að leggja fram gögn, sem varða málið, svo og skriflega greinargerð þar sem rökstutt er hvers vegna heimilt hafi verið að vikja yður úr starfi um stundarsakir. Á fundinum mun ákveðinn frestur fyrir yður til þess að afla frekari gagna og tjá yður skriflega um gögn þau og greinargerð, sem ríkisspítalar kunna að leggja fram. Þér munuð fá u.þ.b. tveggja vikna frest til þess að tjá yður um málið. Að liðnum þeim fresti verður haldinn fundur í nefndinni, þar sem framhald málsins verður ákveðið.

Ef þér hyggist láta lögmann, eða annan mann mæta fyrir yðar hönd á fundinum og/eða koma fram fyrir yðar hönd við meðferð málsins, er þess óskað að þér veitið honum skriflegt umboð til þess.

Virðingarfyllst,
f.h. nefndar samkvæmt
27. gr. starfsmannalaga,

Viðar Már Matthíasson.

Með bréi þessu fylgja:
Gögn merkt 1-11, sem lögð
voru fram á fundinum í dag.